



Skýrsla bankaráðs

19. apríl 2024

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

Skýrsla bankaráðs

19. apríl 2024

Kæru hluthafar og aðrir gestir.

Ég flyt ykkur skýrslu bankaráðs vegna ársins 2023 en síðan mun Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, fara yfir rekstur þess árs.

Ég læt nú af störfum í bankaráði og get ekki við þessi tímamót staðist þá freistingu að líta aðeins um öxl. Ég hef setið í bankaráði frá árinu 2013 og verið formaður síðan 2016.

Á þessu tímabili hafa heildareignir bankans aukist um 70% og eru nú um 2.000 milljarðar króna. Innlán hafa rúmlega tvöfaldast og útlán hafa aukist um 140% eða um næstum 1.000 milljarða króna. Á sama tíma og eigið fé bankans hefur vaxið um rúmlega 62 milljarða hefur bankinn greitt um 192 milljarða í arð, ef tekið er tillit til arðgreiðslu þessa árs. Skattgreiðslurnar hafa sömuleiðis verið umtalsverðar. Tekjuskattur á þessu tímabili nemur 81,8 milljörðum króna. Bankinn hefur greitt alls 57,9 milljarða króna í sérstaka fjársýsluskatta, oft nefnt bankaskattur og 9,9 milljarða króna í tryggingagjald. Heildarskattspor bankans er þó mun stærra.

Stafræn stórsókn og frábært app

Á þessu tímabili hefur þjónusta bankans tekið stakkaskiptum. Árið 2013 var bankinn með netbanka í fremstu röð en ekkert app, en nú er Landsbankaappið fyrir löngu búið að taka fram úr netbankanum í notkun. Landsbankaappið stendur einnig framur öðrum íslenskum bankaöppum, bæði þegar litið er til aðgerðafjölda og einfaldleika í notkun. Um leið og við endurnýjuðum grunnkerfi bankans og blésum til stafrænnar stórsóknar lögðum við áherslu á að hjá Landsbankanum væri áfram hægt að fá persónulega þjónustu og að við værum til staðar um allt land. Þessi stefna hefur fallið viðskiptavinum vel í geð. Markaðshlutdeild bankans heldur áfram að vaxa og ánægja með þjónustuna er mikil, eins og sést á því að bankinn hefur fimm ár í röð verið efstur banka í Íslensku ánægjuvuginni.

Rekstur bankans hefur verið sérlega traustur, sama á hvaða mælikvarða er litið. Sem dæmi má nefna að kostnaðarhlutfall bankans hefur farið lækkandi og var á síðasta ári – sem var besta rekstrarár frá endurreisn bankans – aðeins 33,7% sem er með því lægsta sem þekkist á bankamarkaði. Og þrátt fyrir að viðskiptavinum hafi farið fjölgandi og þjónusta bankans vaxið að umfangi hefur stöðugildum fækkað um 30%, eða úr rúmlega 1.180 í árslok 2013 í tæplega 820 um síðustu áramót.

Breytingarnar valda því að við höfum getað flutt starfsemi bankans úr húsnæði sem var orðið of stórt og óhentugt. Við höfum selt gömlu Landsbankahúsin á Akureyri, Ísafirði og Selfossi og höfum minnkað verulega við okkur á öðrum stöðum. Mestu breytingarnar urðu þó í fyrri þegar við fluttum úr Landsbankahúsinu að Austurstræti 11 og 13 öðrum húsum í Kvosinni og Borgartúni undir eitt þak hér í Reykjastræti. Flutningarnir tókust afar vel og hafa hleypt nýjum krafti í bankann. Frá árinu 2017, þegar ákvörðun um að byggja þetta hús var tekin, hefur heildarhúsakostur sem bankinn notar minnkað um hátt í 40%, úr rúmlega 40.000 fermetrum í um 25.000 fermetra.

Það hafa verið mikil forréttindi að fá að taka þátt í þeim miklu breytingum sem hafa orðið á bankanum á þessum rúma áratug. Við í bankaráðinu erum stolt og ánægð með þennan frábæra árangur og starfsfólk bankans, sem á allt hrós skilið fyrir metnað og fagmennsku, getur svo sannarlega verið það líka.

Styðjum við Grindvíkinga

Stundum, þegar horft er um öxl og það rifjað upp sem vel hefur gengið, gleymist að árangur kemur ekki af sjálfu sér og að af og til þarf að takast á við erfiðar áskoranir. Þær voru svo sannarlega til staðar á árinu 2023 en þrátt fyrir þær einkenndist íslenskt efnahagslíf af þrautseigju og krafti. Þótt hægt hafi á hagvexti eru horfurnar fyrir árið 2024 ágætari, að því gefnu að það takist að ná niður verðbólgu og skapa forsendur fyrir vaxtalækkunum.

Þeir kjarasamningar sem hafa verið gerðir gefa góð fyrirheit. Stríðsástand í heiminum eykur þó óvissuna og enn er ekki ljóst hverjar efnahagslegu afleiðingarnar verða af yfirstandandi jarðhræringum á Reykjanesskaga. Hugur okkar í Landsbankanum hefur verið hjá Grindvíkingum en þar eigum við fjölmarga góða viðskiptavini, bæði meðal einstaklinga og fyrirtækja, og einnig mikilvægt starfsfólk. Landsbankinn hefur með ýmsum hætti komið til móts við Grindvíkinga og ég vona að þeir nái vopnum sínum sem allra fyrst.

Sterk staða bankans

Rekstur Landsbankans gekk vel á árinu 2023. Arðsemin var 11,6% sem er í samræmi við markmið bankans um að langtímaarðsemi sé yfir 10%. Fjármögnun bankans gekk sömuleiðis vel. Útgáfur í erlendri mynt voru vel heppnaðar og hið sama má segja um útgáfur á innlendum skuldabréfamörkuðum.

Traustur og arðsamur rekstur gerir bankanum kleift að borga út arð sem kemur öllu samfélaginu til góða, en er ekki síður nauðsynlegur bankanum sjálfum. Aðeins ef reksturinn er arðsamur getur bankinn haldið áfram að fjárfesta, þróast og mæta aukinni samkeppni af fullum krafti með því að bjóða viðskiptavininum sínum framúrskarandi þjónustu.

Áfram í fararbroddi

Undanfarin ár hafa fjármálaþjónusta og fjármálamarkaðurinn einkennst af miklum og hröðum breytingum, bæði á alþjóðavettvangi og hérlendis. Fleiri fyrirtæki bjóða nú fjármálaþjónustu og í tilteknum afmörkuðum þjónustupáttum hefur samkeppnin aukist töluvert. Í slíku samkeppnisumhverfi býr bankinn vel að því að hafa á undanförunum árum fjárfest mikið í upplýsingatækni og framþróun stafrænnar þjónustu. Það gerir það að verkum að bankinn er kvikari og fljótari að bregðast við tækniþróun og lagalegum kröfum. Hann er líka fljótari að hrinda nýjum og góðum hugmyndum í framkvæmd.

Bankinn hefur einnig brugðist við aukinni samkeppni með því að fjölga tekjustoðum og bjóða upp á nýja þjónustu. Gott dæmi um nýja þjónustu bankans er færsluhirðing greiðslukorta sem hefur farið vel af stað.

Til að tryggja áframhaldandi velgengni er mikilvægt að bankinn hugi áfram að því að fjölga tekjustofnum sem styrkja reksturinn og gera honum kleift að bjóða enn fjölbreyttari og betri fjármálaþjónustu. Það var með þetta í huga sem bankaráð hóf að skoða kosti þess að bæta tryggingum við fjölbreytta þjónustu bankans. Ég mun fjalla nánar um kaup bankans á TM tryggingum síðar í ræðu minni.

Þjónustugjöld og vaxtamunur standa undir frábærri þjónustu

Á sama tíma og bankinn hefur fjárfest verulega í uppbyggingu fjármálainnviða og nýrri tækni, hefur vaxtamunur til heimila lækkað og þjónustugjöld lækkað að raungildi. Það fær stundum lítið rými í opinberri umræðu að vaxtamunur og þjónustutekjur standa bæði undir mjög umfangsmikilli og flókinni þjónustu og jafnframt hærri skattbyrði en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Samanburður á þjónustugjöldum og vaxtamun, sem kom fram í skýrslu sem unnin var af starfshópi viðskiptaráðherra á síðasta ári, kom vel út fyrir Landsbankann og er okkur hvatning til að gera enn betur.

Flókið regluverk

Þær kröfur sem gerðar eru til banka um að innleiða nýjar reglur og lög fá ekki heldur alltaf mikla athygli. Lagabálkarnir sem um okkur gilda eru bæði miklir og flóknir og stór hluti þeirra á uppruna sinn í Evrópureglugerðum sem taka mið af fyrirtækjum sem starfa á mun fjölmennari mörkuðum. Það getur verið ærið verkefni og kostnaðarsamt að uppfylla allar þessar kröfur.

Traust, fagmennska og góð áhættumenning

Landsbankinn leggur mikla áherslu á að innleiða nýjar reglur fljótt og faglega og einnig á öfluga fræðslu til að tryggja að þeim sé fylgt í hvítvetna.

Á síðasta ári birti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands niðurstöður tveggja umfangsmikilla úttekta á starfsemi bankans, annars vegar varðandi varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hins vegar á þætti Landsbankans í sölu á 22,5% hlut ríkisins í Íslandsbanka árið 2022. Fjármálaeftirlitið gerði tiltekna athugasemdir við varnir bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Bankinn féllst á niðurstöður eftirlitsins og hefur lokið við að gera úrbætur á þeim atriðum sem þær taka til. Í hvorugu tilfellinu var talin ástæða til að beita bankann sektum eða öðrum viðurlögum.

Góður árangur bankans talar sínu máli. Hér er unnið af fagmennsku og með hagsmunum bankans og viðskiptavina í huga. Traust áhættumenning einkennir alla starfsemi bankans.

Um kaup Landsbankans á TM

Kæru gestir.

Ég hef nú farið yfir stöðu og árangur Landsbankans á undanförmum árum, sem sannarlega er mjög góður. Undanfarnar vikur hefur þessi góði árangur því miður fallið í skuggann af harðri gagnrýni Bankasýslunnar á kaup bankans á TM tryggingum. Bankaráð birti af því tilefni greinargerð þann 22. mars síðastliðinn, þar sem fjallað er um aðdraganda og ástæður fyrir kaupunum. Greinargerðin er ítarleg og ég vísa til hennar. Ég tel þó fulla ástæðu til að fara einnig yfir nokkur aðalatriði málsins hér á aðalfundi.

Aðdragandi að kaupum

Að mati bankaráðs var það góð viðskiptaákvörðun að gera tilboð í TM enda er félagið álitlegt fjárfestingartækifæri fyrir Landsbankann.

Bankaráð hafði lengi velt fyrir sér kostum þess að bæta tryggingastarfsemi við þjónustu bankans. Ástæðan er sú að við teljum að tryggingar og bankþjónusta fari vel saman. Aðrir bankar, bæði erlendis og hér á landi, eru sama sinnis. Arion banki er eigandi tryggingafélags og fram hefur komið að Íslandsbanki gerði, líkt og Landsbankinn, tilboð í TM. Í Noregi er DNB bankinn, sem er að þriðjungi í eigu norska ríkisins, umsvifamikill á tryggingamarkaði.

Landsbankinn gat valið á milli þessi að hefja tryggingastarfsemi frá grunni eða kaupa starfandi tryggingafélag. Hvorug leiðin er gallalaus og var meðal annars litið til þess að það tæki langan tíma að byggja upp arðbæran tryggingarekstur frá grunni. Þegar ljóst mátti vera, síðastliðið sumar, að Íslandsbanki og Kvika banki myndu ekki sameinast, fólum við bankastjóra að kanna möguleika á að Landsbankinn myndi kaupa TM af Kviku. Eins og rakið er í greinargerð bankaráðs frá 22. mars síðastliðnum létum við Bankasýsluna vita af því að við ættum í viðræðum við Kviku um kaup á TM sumarið 2023 en þær viðræður leiddu ekki til viðskipta.

Samlegðaráhrif

Í byrjun nóvember 2023 tilkynnti Kvika um formlegt sölufarli á TM sem hófst þann 16. þess mánaðar. Í kjölfarið hófst ítarleg undirbúningsvinna. Niðurstaðan varð sú að miðað við verðið sem bankinn bauð og varfærnustu samlegðarsviðsmynd, áætluðum við að fjárfesting í TM gæti skilað Landsbankanum innri ávöxtun umfram 18%. Með því að grípa frekari samlegðartækifæri yrði fjárfestingin enn álitlegri. Eftir að við birtum greinargerðina bauð bankaráð Bankasýslunni að fá ítarlegri kynningu en stofnunin þáði ekki það boð.

Um eigandastefnuna

Gagnrýnin á kaupin hefur ekki síst beinst að því að kaup bankans á TM séu andstæð eigandastefnu ríkisins. Bankaráð er því ósammála. Þvert á móti teljum við kaupin á TM falla að markmiðum og tilgangi eigandastefnunnar. Í eigandastefnunni frá 2020 segir orðrétt: „Ríkið stefnir ekki að því að eiga meiri hluta í fjármálafyrirtækjum á almennum markaði til lengri tíma. Því er mikilvægt að umsýsla þessara eignarhluta sé fagleg, traust og á markaðsforsendum, m.a. til að hámarka söluandvirði og arðgreiðslur fyrir skattgreiðendur“. Grundvöllur viðskiptanna var að hámarka virði eignarhluta ríkisins í Landsbankanum í samræmi við eigandastefnuna.

Í eigandastefnunni er einnig fjallað um mikilvægi þess að stuðla að öflugri og virkri samkeppni og taka mið af því meginmarkmiði ríkisins að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Reglulegar og viðunandi arðgreiðslur frá og/eða sala hlutabréfa í fjármálafyrirtækjum séu lykilatriði til að ná þessu markmiði. Bankaráð vann eftir þessum markmiðum stefnunnar, enda telur bankaráð ljóst að kaupin á TM muni til lengri tíma stuðla að aukinni arðsemi og auka arðgreiðslugetu bankans.

Starfar á markaðsforsendum

Þótt Landsbankinn sé nánast að öllu leyti í eigu ríkisins, er honum í eigandastefnunni gert að starfa á markaðsforsendum og hlýtur því að taka fullan þátt í samkeppni á fjármálamarkaði, hér eftir sem hingað til. Ætli Landsbankinn sér ekki að starfa líkt og hvert annað fyrirtæki á samkeppnismarkaði, er hættan sú að smátt og smátt dragist hann aftur úr keppinautum sínum sem ekki eru bundnir af sömu takmörkunum. Ef hluthafar telja hlutverk Landsbankans eiga að vera annað og að hann eigi ekki að taka fullan þátt í samkeppni á fjármálamarkaði og á markaðsforsendum er nauðsynlegt að sú stefnumörkun komi skýrt fram með breytingu á tilgangi félagsins í samþykktum eða með annarri ákvörðun á hluthafafundi.

Samskipti við Bankasýslu

Gagnrýnin hefur einnig beinst að því að kaupin hafi verið í andstöðu við vilja fjármálaráðherra og ríkisstjórnarsáttmálann. Bankasýslan hefur vísað til þess að sá vilji fjármálaráðherra hafi komið fram í hlaðvarpsþætti í febrúar sl. en stofnunin mun hafa bókað það sérstaklega í fundargerð hinn 8. febrúar sl. Stofnunin virðist á hinn bóginn ekki hafa séð neina ástæðu til þess að vekja athygli bankaráðsins á þeim vilja. Á fundi þáverandi fjármálaráðherra með stjórnendum bankans sem haldinn var síðar í febrúar kom sama afstaða fram. Að gefnu tilefni skal það tekið fram að slíkir fundir eru að jafnaði haldnir árlega með stjórnendum banka til að fjalla almennt um reksturinn og rekstrarumhverfið. Fundirnir eru ekki vettvangur til að hafa áhrif á stjórn og stefnu bankanna. Vegna þeirra armslengdarsjónarmiða sem koma fram í eigandastefnu og samningi við Bankasýslu ríkisins eiga samskipti að fara í gegnum Bankasýsluna. Ég vek einnig athygli á að engar athugasemdir bárust frá Bankasýslunni í kjölfar þessara samskipta.

Skýr umgjörð

Umgjörðin um rekstrarfyrirkomulag bankans og fyrirkomulag samskipta er skýr, meðal annars til að gæta að samkeppnissjónarmiðum, armslengd og gagnsæi. Við upplýstum Bankasýsluna eins og gert er ráð fyrir án nokkurra athugasemda af hennar hálfu. Ég minni á að síðastliðið sumar létum við Bankasýsluna vita af því að bankinn ætti í viðræðum við Kvikú um kaup á TM. Í desember síðastliðnum létum við vita af því að bankinn hefði gert óskuldbindandi tilboð í TM. Í hvorugu tilfellinu lét Bankasýslan í ljós þá skoðun sína að möguleg kaup bankans á TM stönguðust á við eigandastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Hún gerði ekki heldur aðrar athugasemdir, það um frekari gögn eða óskaði eftir að hlutirnir væru gerðir með tilteknum hætti fyrir en eftir að tilboðsferlinu lauk.

Um það hefur ekki verið deilt að ákvörðunin um að leggja fram tilboð í TM var á forræði bankaráðs og innan heimilda þess samkvæmt þeim lögum og reglum sem bankaráð starfar eftir. Þá liggur fyrir að bankaráð telur að viðskiptin séu í samræmi við eigandastefnu ríkisins, þótt það sé umdeilt eins og raun ber vitni. Það breytir því ekki að forræði á ákvörðuninni var hjá bankaráðinu sem ber ábyrgð á henni. Bankaráð minnir á að samkvæmt þeim lögum og reglum sem um bankann gilda, og eins og áréttað er í eigandastefnu ríkisins, þá á stjórn bankans að vera sjálfstæð í ákvarðanatöku sinni.

Eins og ég hef rakið hér létum við Bankasýsluna vita af viðræðum okkar við Kvikú síðastliðið sumar og síðar af þátttöku okkar í opinberu söluferli sem hófst í nóvember síðastliðnum. Okkur bar að upplýsa, sem við gerðum, en okkur bar ekki að hafa samráð við Bankasýslu ríkisins um fyrirhugaða ákvörðun. Slíkt samráð færi að mati bankaráðs bæði gegn hlutafélagalögum og almennum reglum félagaréttar um jafnræði hluthafa.

Áhrif á eiginfjárhlutfall

Nokkuð hefur rætt um áhrif kaupanna á eiginfjástöðu bankans. Líkt og rakið er í greinargerð bankaráðs Landsbankans til Bankasýslunnar er eiginfjárbinding bankans vegna kaupanna á TM um 18,7 milljarðar. Eiginfjárhlutfall bankans fyrir kaupin er 23,6% og eiginfjárfrafan á bankann er 20,7%. Áhrif kaupanna eru lækkun um 1,5 prósentustig og eftir kaupin yrði eiginfjárhlutfallið 22,1%. Mótvægisáðgerðir hækka hlutfallið aftur í 23,1%. Viðmið bankans er að vera ávallt yfir eiginfjárkröfu. Staðan er því sú að eftir kaup TM, með eða án mótvægisáðgerða yrði bankinn alltaf vel yfir eiginfjárkröfum.

Um fjármögnun kaupanna

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að bregðast við gagnrýni á að tilboðið var ekki lagt fram með fyrirvara um samþykki hluthafafundar. Um leið vil ég taka fram að við sem sitjum í bankaráði tókum ábyrgð okkar alvarlega. Okkur hefur verið treyst til að stýra stærsta banka landsins og mikilvægri eign ríkisins og þar með almennings í landinu. Við höfum lagt okkur öll fram um að standa undir þeirri ábyrgð.

Þegar gagnrýnt hefur verið að Landsbankinn gerði ekki fyrirvara um samþykki hluthafafundar hefur m.a. verið bent á að Íslandsbanki hefði lagt fram tilboð með slíkum fyrirvara. Í því sambengi er mikilvægt að hafa í huga að í tilfelli Íslandsbanka var gert ráð fyrir að greitt yrði fyrir TM með útgáfu nýs hlutafjár og vegna þeirrar hlutafjárukningar var nauðsynlegt að leita eftir samþykki á hluthafafundi, líkt og kom fram nýlega á aðalfundi bankans.

Landsbankinn ætlaði sér ekki að óska eftir útgáfu nýs hlutafjár til að greiða fyrir kaupin, heldur greiðir fyrir þau með handbæru fé og sem mótvægisáðgerð hyggst bankinn gefa út víkjandi skuldabréf. Þessi leið var valin vegna þess að hún er til þess fallin að skerða ekki arðgreiðslugetu bankans og var talin vera sú leið sem er hagstæðust fyrir bankann og eigendur hans. Ástæða er til að minna á að algengt er að bankar nýti sér slíka lántöku til að styrkja eiginfjárhlutfall sitt. Nú síðast í mars 2024 gáfum við út víkjandi skuldabréf, samtals að fjárhæð 15 milljarðar króna, sem eykur umfram eiginfjárgrunn bankans um sömu fjárhæð.

Það var mat allra þeirra sem komu að málinu að tilboð sem fæli í sér greiðslu með peningum eingöngu myndi styrkja tilboð bankans. Ekki var þörf á útgáfu nýs hlutafjár, enda verða eiginfjárlutföll bankans vel yfir lögbundnum mörkum. Af þeim sökum einum var ekki gert ráð fyrir samþykki hluthafafundar.

Kæru fundargestir.

Bankaráð Landsbankans vill ítreka að bæði bankaráðsmenn og starfsfólk bankans vann að undirbúningi að tilboði í TM af fullum heilindum. Við teljum að kaupin séu góð fjárfesting fyrir bankann og muni efla hann og styrkja til framtíðar. Okkur þykir miður að kaupin hafi orðið jafn umdeild og raun ber vitni og hörmum að stjórnarformaður Bankasýslunnar vegi að bankaráðsmönnum í fjölmiðlum með orðum sem ekki er hægt að lýsa öðruvísi en sem aðdróttunum. Ég skora á Bankasýsluna að fjalla um þetta mál á ábyrgari hátt en gert hefur verið þannig að það skaði starfsemi bankans ekki frekar.

Ég tala fyrir hönd alls bankaráðsins þegar ég segi að það hefur verið okkur mikill heiður og ánægja að sitja í bankaráði Landsbankans. Og fyrir okkar hönd, þakka ég Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra, öðrum stjórnendum og starfsfólki bankans fyrir gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf undanfarin ár. Þá vil ég einnig þakka hluthöfum, Bankasýslu ríkisins, eftirlitsaðilum og öðrum hagaðilum fyrir samstarfið í gegnum tíðina. Ég vil persónulega þakka fyrir einstaklega áhugaverðan og gefandi áratug. Ég kveð Landsbankann með söknuði, þakklát og stolt og ég hlakka til að sjá bankann halda áfram að eflast og þróast. Ég mun fylgjast náið með Landsbankanum og hlakka til að kíkja í nýtt útibú bankans á Akureyri sem á að opna í haust.

Að lokum óska ég verðandi bankaráðsmönnum innilega til hamingju með væntanlegt kjör og velfarnaðar í störfum sínum. Þið fáið tækifæri til að starfa með einstökum hópi fólks og ég vænti þess að ykkur beri gæfa til þess að fjalla um TM viðskiptin með hagsmuni Landsbankans og hluthafa hans að leiðarljósi.

Takk fyrir.